

Óhræsið eftir Jónas Hallgrímsson

*Ein er upp til fjalla,
yli húsa fjær,
út um hamra hjalla,
hvít með loðnar tær,
brýzt í bjargarleysi,
ber því hyggju gljúpa, á sér ekkert hreysi
útibarin rjúpa.*

*Valur er á veiðum,
vargur í fuglahjörð,
veifar vængjum breiðum,
vofir yfir jörð,
otar augum skjótum
yfir hlið og lítur
kind, sem köldum fótum
krafsar snjó og bítur.*

*Rjúpa ræður að lyngi
– raun er létt um sinn –
skýst í skafrenningi
skjót í krafsturinn,
tínir, mjöllu mærrí,
mola, sem af borði
hrjóta kind hjá kærri,
kvakar þakkarorði.*

*Valur í vígahuga
varpar sér á teig,
eins og fiskifluga
fyrst úr löngum sveig
hnitar hringa marga;
hnýfill er að bíta;
nú er bágt til bjarga,
blessuð rjúpan hvíta!*

*Elting ill er hafin,
yfir skyggir él,
rjúpan vanda vafin
veit sér búið hel;*

eins og álmur gjalli,
örskot veginn mæli,
fleygist hún úr fjalli
að fá sér eitthvert hæli.

Mædd á manna bezta
miskunn loks hún flaug,
inn um gluggann gesta
guðs í nafni smaug,
úti garmar geltu,
gólið hrein í valnum; -
kastar hún sér í keltu
konunnar í dalnum.

Gæðakonan góða
grípur fegin við
dýri dauðamóða,
dregur háls úr lið;
plokkar, pils upp brýtur,
pott á hlóðir setur,
segir; „Happ þeim hlýtur“!-
og horaða rjúpu étur.